

Alþingi  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 30. apríl 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, með síðari breytingum (stjórn veiða á makríl), mál nr. 776.**

Þorbjörn hf., Rammi hf. og Nesfiskur ehf. (hér eftir nefnd „umsagnaraðilar“) hafa falið undirrituðum að leggja fram umsögn fyrir þeirra hönd um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, með síðari breytingum (stjórn veiða á makríl).

#### *Almennt um veiðar umsagnaraðila*

Umsagnaraðilar eiga það sameiginlegt að gera út vinnslu- og ísfiskskip sem voru útbúin til makrílveiða á árinu 2010. Markmið með veiðum vinnslu- og ísfiskskipa var að auka verðmæti aflans með því að landa fullunnum makríl til manneldis. Einnig hefur síðast liðin ár hluti af makríl sem veiddur er af vinnsluskipum verið notaður í beitu á línuskipum. Sparar þetta flutning á annarri beitu til landsins og minnkunar þannig kolefnisfótspor Íslands.

Er umsagnaraðilar hófur veiðar á makríl var það markmið stjórnvalda að stýra veiðum með þeim hætti að verðmæti makrílafla yrði sem mest og var áhersla lögð á að vinna makríl til manneldis.

Á árinu 2015 varð verulegt verðfall á makrílafurðum eftir að lokað var fyrir viðskipti með makríl til Rússlands, sem var stærsti markaðurinn fyrir frystan makríl. Til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði var útgerðum heimilað að leita eftir að hagræða við veiðarnar með því að framselja aflaheimildir í makríl milli skipa. Nýttu vinnslu- og ísfiskskip sér þessa heimild að einhverju leyti og skiptu á veiðiheimildum í makríl fyrir veiðiheimildir sem voru þeim hagkvæmari.

#### *Pólitísk samstaða um stjórn makrílveiða?*

Hefur á liðnum árum almennt verið gengið út frá því að skipan veiða á makríl nyti almenns pólitísk stuðnings, enda hafa ráðherrar úr flestum flokkum á þingi komið að stjórnun veiða á makríl á tímabilinu. Það kemur því verulega á óvart

að nú skuli lagt fram frumvarp sem kollvarpar þeirri aðferð við stjórnun veiðanna sem viðhöfð hefur verið á liðnum árum.

Sannanlega liggur fyrir að Hæstiréttur Íslands hefur fellt dóm þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag við stjórn veiða á makríl frá árinu 2011 hafi verið ólöglegt, þar sem reglugerðir ráðherra um stjórn makrílveiða hafi skort lagastoð. Í dómi Hæstaréttar felst ekki að þau sjónarmið sem lágu til grundvallar stjórn veiðanna hafi verið ólögleg, heldur að þau hafi skort lagastoð. Af þeirri ástæðu er málið nú komið til kasta Alþingis.

Í frumvarpinu virðist þess sjónarmiðs gæta að það sé skylda, eða eigi að vera markmið Alþingis, að bæta uppsjávarveiðiskipum, eða þeim sem fóru í mál við ríkið, sem mest „skerðingu“ sem þessum aðilum er reiknaður, út frá viðmiðun sem tekur mið af því hver aflahlutdeild þeirra hefði orðið ef úthlutun hefði átt sér stað á árinu 2011.

Umsagnaraðilar telja misráðið að leggja að Alþingi að kollvarpa núverandi skiptingu aflaheimilda með svo afgerandi hætti og lagt er til í frumvarpinu. Með því að víkja með svo afgerandi hætti frá þeirri skiptingu aflaheimilda sem verið hefur við líði síðustu árin, er Alþingi að senda frá sér þau skilaboð að núverandi og fyrrverandi sjávarútvegsráðherrar, hafi ekki notið pólitísku stuðnings við stjórnun makrílveiða. Verði það niðurstaða Alþingis að við úthlutun á aflaheimildum eigi sem mest að auka við heimildir til uppsjávarveiðiskipa, á kostnað annarra skipa, er það stuðningur við sjónarmið þeirra útgerða, þess efnis að þær hafi haft löglegar væntingar um að fá til sín stærri hlutdeild við úthlutun á aflaheimildum í makríl, enda liggur þá fyrir vilji Alþingis í þá veru með samþykki frumvarpsins óbreyttu.

***Dómur Hæstaréttar veitir engar vísbendingar eða leiðsögn um það hvernig skipta beri veiðirétti í makríl til framtíðar***

Umsagnaraðilar hafa heyrt því sjónarmiði fleygt fram að það sé vanvirðing eða sniðganga við dóm Hæstaréttar ef uppsjávarveiðiskipin fái ekki þá hlutdeild sem þeir telja sig eiga rétt til eða hefði getað komið í þeirra hlut ef úthlutun á aflaheimildum hefði farið skv. gildandi lögum á árinu 2011.

Sjónarmið í þessa veru fæst ekki staðist. Hæstaréttar hefur með dómi sínum enga afstöðu tekið til þess hver hlutur uppsjávarskipa eigi að vera í heildarafla við skiptingu hans með lögum frá Alþingi. Hæstiréttur hefur aðeins komist að þeirri niðurstöðu, réttilega, að ráðherra var óheimilt að stjórna veiðum með öðrum hætti en lög um úthafsveiðar kveða á um. Í því felst ekki að Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til þess hvernig Alþingi kys að skipta veiðiheimildum til framtíðar. Því fer fjarri, enda skiptir Hæstiréttur sér ekki af því hvernig veiðum er stjórnað eða hvaða aðferð löggjafinn kys að notast við. Hann leysir hins vegar úr því hvort réttum lögum sé fylgt.

Varðandi sjónarmið Hæstaréttar að þessu leyti er rétt að vísa til forsendna í málinu nr. 221/2004: „Það er á valdi löggjafans að velja milli kosta um hvernig ákveða eigi veiðireynslu við úthlutun aflaheimilda þegar til þeirra er gripið við stjórn veiða úr

*einstökum fiskistofnum, þótt dómstólar leysi úr því hvort lög, sem reist eru á slíku vali, samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar.“*

### **Nánar um heimildir löggjafans – bann við mismunun - lögmæt sjónarmið**

Við skiptingu á aflaheimildum til frambúðar er Alþingi aðeins bundið af grundvallarreglum stjórnarskrárinnar um bann við mismunun sem er að finna í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og er einnig talin felast í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar sem tryggir atvinnufrelsi. Ákvæði þessi leggja þá skyldu á Alþingi að löggjöf sem felur í sér takmörkun á frelsi til atvinnu (veiða) að þær takmarkanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og að aðilum sé ekki af ómálefnalegum ástæðum mismunað.

Varðandi það hvaða sjónarmið eru málefnaleg má líta til 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um að lögunum sé ætlað að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu, sbr. forsendur í dómi Hæstaréttar í svonefndu Vatneyrardómi, mál nr. 12/2000, þar sem dómurinn taldi að lögin að þessu leyti væru „reist á því mati, að sú hagkvæmni, sem leiði af varanleika aflahlutdeildar og heimildum til framsals hennar og aflamarks, leiði til arðbærrar nýtingar fiskstofna fyrir þjóðarbúið í samræmi við markmið 1. gr. laganna.“ Jafnframt má vísa til eftirfarandi forsendna í áður nefndum dómi Hæstaréttar í málinu nr. 221/2004, en þar segir m.a. að eitt þeirra atriða „sem löggjafinn getur látið ráða vali sínu í þessum efnum, er tillit til hagsmuna af atvinnu og fjárfestingum, sem bundnir hafa verið sjávarútvegi, og til reynslu og þekkingar því samfara“.

Það myndi almennt ekki teljast málefnalegt að Alþingi hagaði úthlutun aflaheimilda með sérstökum og óvenjulegum hætti í því skyni að „bæta“ fyrir brot ráðherra gegn tiltekinni útgerð, auk þess sem það er ómögulegt að bæta þegar orðið tjón með ívilnun við úthlutun á aflaheimildum í makríl.

Auðvitað geta þeir aðilar sem telja sig eiga skaðabótakröfur á hendur ríkinu lýst því yfir að þeir muni lækka bótakröfur sínar eða falla frá þeim, ef lagasetningu verður hagað með tilteknum hætti til hagsbóta fyrir þá. Við það verður sú aðstaða sem uppi er sínu verri, með tilliti til málefnalegra sjónarmiða að baki löggjöf.

### **Almenn regla um viðmiðunartímabil veiðireynslu í lögum eru 3 ár**

Fyrir liggja tvenn heildarlög um stjórn fiskveiða, annars vegar lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og hins vegar lög nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu íslands (lög um úthafsveiðar). Er almennt viðurkennt að þær reglur sem finna má í lögunum byggja á málefnalegum sjónarmiðum, enda hafa þær margsinnis verið notaðar við skiptingu á aflaheimildum.

Í lögum um stjórn fiskveiða er notast við 3ja ára veiðireynslu við úthlutun aflaheimilda. Í þessu felst að eftir að útgerð hefur stundað veiðar í 3 ár hefur hún náð jöfnum rétti á við þær útgerðir sem hafa stundað veiðar í lengri tíma, þegar kemur að úthlutun á aflaheimildum til frambúðar.

Í lögum um úthafsveiðar er notast við þrjú bestu veiðitímabil á undangengnum sex veiðitímabilum þegar skipta skal veiðiheimildum út frá veiðireynslu. Með þessari reglu er útgerðum gefið sanngjarnt svigrúm til að útbúa sig til veiða á nýjum stofni.

Það hefur einnig verið viðurkennt að „frumkvöðlar“ við úthafsveiðar skuli njóta frumkvöðlastarfsins þannig að heimilt er að úthluta allt að 5% heildarafla til þeirra skipa. Þeir njóta þess að auki að geta valið þrjú bestu árin af sex árum, en þeir sem hófu veiðar síðar hafa eðli málsins samkvæmt úr færri árum að velja bestu árin.

Sú regla að hafa viðmiðunartímabil veiðireynslu ekki lengra en þrjú ár kemur í veg fyrir að gengið sé of langt í því að mismuna aðilum eftir því hvort þeir hafi nýlega hafið veiðar á viðkomandi tegund gagnvart þeim sem hafa stundað veiðarnar um lengri tíma. Við mat á því hvað er eðlilegt að mismuna á þessum grundvelli gangi langt verður að hafa í huga að verið er að veita réttindi til veiða úr stofni til framtíðar. Verður að telja að í fyrirbyggjandi lögum liggi fyrir ákveðið sanngirnismat að þessu leyti sem hefur verið viðurkennt og tryggir jöfnuð milli nýrra útgerða og þeirra eldri, sem og jöfnuð milli útgerða eftir því hvenær þær hófu veiðar.

#### *Frávik frá viðurkennda viðmiði vegna veiðireynslu*

Telja verður óumdeilt að löggjafinn geti lagt til grundvallar annað tímabil veiðireynslu en gert er í lögum um stjórn fiskveiða og úthafsflögum, enda standa málefnaleg sjónarmið til þess að víkja frá áður lögmæltum leiðum.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er hins vegar gengið mjög langt í því að víkja frá hinum almennu viðmiðunum um að veiðireynsla þriggja ára sé lögð til grundvallar við skiptingu aflaheimilda og lagt til að notast skuli við tíu ár.

Með því að auka viðmiðunarfjölda þeirra ára sem lögð eru til grundvallar veiðireynslu úr þremur í tíu ár, verða atvinnuréttindi þess sem hefur stundað veiðarnar í tíu ár tíu sinnum verðmætari en þess sem hefur stundað veiðar í eitt ár, til framtíðar litið. Þessi gríðarlegi mismunur á milli aðila, sem hafa stundað veiðar í skemmri tíma gagnvart hinum, er óþekktur við úthlutun á veiðiheimildum fram til þessa, en þessi munur getur að hámarki orðið þrefaldur samkvæmt gildandi lögum.

Aðili sem hefur nýlega fjárfest í búnaði til að hefja veiðar á makríl á að vera varinn gegn ómálefnalegri mismunun þegar kemur að takmörkun á aflaheimildum. Það verður því að mati umsagnaraðila að rökstyðja það sérstaklega hvers vegna vikið er frá almennri viðmiðun laga um úthafsveiðar að þessu leyti.

Svara þarf þeirri spurningu hvaða lögmætu sjónarmið ráða þeirri tillögugerð samkvæmt frumvarpinu að vikið sé frá hinna almennu þriggja ára viðmiðun fyrir veiðireynslu, og lagt til að farin verði sú óvenjulega leið að leggja til grundvallar 10 ára veiðireynslu við úthlutun á aflaheimildum í makríl?



### *Eru rök fyrir frávik frá hinu viðurkenndum viðmiðunum í frumvarpinu*

Í almennum skýringum með frumvarpinu undir kafla 6.2. er að finna eftirfarandi skýringu þar sem fjallað er um áhrif á hagsmunaaðila ef miðað yrðu við þrjú bestu árin af síðustu sex árum:

*„Ef miðað væri hins vegar við úthlutun á grundvelli þriggja bestu veiðitímabila á árunum 2013–2018, svo sem skylt væri að gera eftir reglugerð fyrir upphaf næsta veiðitímabils, að óbreyttum lögum, næmi hlutdeild þeirra um 82,9% sem væri svipað og úthlutað var til þessa flokks skipa árið 2011. Leitt er að því líkum í álitinu að komi ekki til ný lagasetning verði þessi samdráttur í aflaheimild grundvöllur bótakrafna..“*

Af þessari skýringu má ætla að nauðsynlegt hafi reynst að víkja frá hinni almennu viðmiðun í lögum um úthafsveiðar, þar sem starfshópur sjávarútvegsráðherra hafi í álitinu leitt líkum að því að „samdráttur“ í aflaheimildum til uppsjávarveiðiskipta af þessum ástæðum gæti orðið grundvöllur bótakröfu.

Rétt er að benda á að orðalag þetta er ónákvæmt og villandi, enda er alls ekki í álitinu starfshóps sjávarútvegsráðherra leiddar líkur af því að það gæti orðið grundvöllur að bótakröfu á hendur ríkinu ef útgerðir uppsjávarskipa yrðu fyrir „samdrætti“ miðað við þá aflahlutdeild sem hefði komið í þeirra hlut ef úthlutun hefði átt sér stað á grundvelli laga á árinu 2011.

Það sem starfshópurinn varar við er að ráðherra beiti nú reglugerðarheimild til að úthluta aflaheimildum í makríl, eftir að hafa stýrt veiðum án lagaheimildar síðustu árin. Er á það bent í álitinu að til þess að tryggja lagalegan grundvöll undir úthlutunina sé best að hún fari fram á grundvelli laga en ekki á grundvelli reglugerðar.

Það stendur ekkert því í vegi að í sérstöku ákvæði í lögum um úthlutun á aflaheimildum í makríl sé stuðst við það viðmið sem fram kemur í lögum um úthafsveiðar eða aðra viðmiðun sem löggjafinn telur að nái best fram markmiðum um hagkvæma nýtingu á stofninum.

Til að taka allan vafa, varðandi það að starfshópurinn var ekki að „leiða líkur“ að því að „samdráttur“ gæti leitt til bótaskyldu, er rétt að benda á að ein tillaga starfshópsins er að löggjafinn setji lög sem festi í sessi núverandi skiptingu afla. Um þá leið segir starfshópurinn orðrétt bls. 30 í álitinu „...er vandséð að það gæti bakað ríkinu bótaskyldu þó þessi leið væri farin“. Með því væri verið að lögfesta þá hlutdeild sem komið hefur til skipta á grundvelli reglugerða ráðherra síðustu árin, þ.e. „samdrátturinn“ verið lögfestur.

Í lok sama kafla í almennum skýringum í frumvarpinu er að finna frekari skýringar á því hvað ráði þeirri tillögugerð að miða við hin langa veiðitíma við úthlutunina. En þar segir:

*„Verði frumvarpið að lögum er líklegt að útgerðir sem höfðað hafa mál á hendur íslenska ríkinu muni, að öðrum skilyrðum fullnægðum, hvorki ná fram fullri úthlutun miðað við veiðireynslu árána fyrir 2011, sem vonir þeirra kunna að standa til, né heldur að staða*

*þeirra verði óbreytt. Með einföldun má segja að hlutur þeirra muni aukast sem nemur hlutfalli aflamagns áranna 2008–2010 í aflamagni viðmiðunartímans. Samtímis munu eigendur skipa sem hlotið hafa úthlutun í skjóli reglugerða sjávarútvegsráðherra, sem reynst hafa án lagastoðar, verða fyrir skerðingu sem getur reynst umtalsverð í einhverjum tilvikum.,,*

Virðist mega ráða af þessari skýringu að árin 2008 til 2010 hafi verið höfð með, við útreikninga á veiðireynslu til úthlutunar á aflaheimildum í makríl, til þess að auka úthlutun til „útgerða sem höfðað hafa mál á hendur ríkinu“ og vekur nokkra athygli að tekið sé fram í skýringum að þrátt fyrir þessa „aukningu“ muni umræddar útgerðir „hvorki ná fram fullri úthlutun miðað við veiðireynslu áranna fyrir 2011, sem vonir þeirra kunna að standa til, né heldur að staða þeirra verði óbreytt.“

Ástæða þess að þessi skýring í frumvarpinu vekur athygli, er að það getur ekki verið hlutverk Alþingis að haga úthlutun þannig að það sé sérstaklega hugað að aðferð til að auka úthlutun til tiltekinna útgerða og óheppilegt að tengja aukninguna við málshöfðun þessara aðila, auk þess sem almennt verður að ætla að vonir þessara aðila til úthlutunar á aflaheimildum í makríl skipti ekki meira máli en vonir annarra sem stundað hafa veiðar á makríl.

Til viðbótar fyrrgreindum skýringum í almenna hluta frumvarpsins er í greinargerð með 1. gr. frumvarpsins að finna eftirfarandi skýringu:

*„Með þessu eru það 10 bestu ár af 11 sem telja við úthlutun en með því er í nokkru jöfnuð aðstaða þegar veiðisókn hefur af einhverjum ástæðum reynst torveld eða fallið niður á einu viðmiðunaráranna, sem með þessu eru óvenjulega mörg. Þetta hefur að sjálfsögðu einhver en ekki veruleg áhrif á niðurlögnun aflahlutdeilda.“*

Verður að telja þessa skýringu ófullnægjandi að því leyttinu til að með henni er ekkert vikið að því hvers vegna er nauðsynlegt að hafa tíu bestu árin af síðustu ellefu í stað þess að notast við almenna viðmiðun laganna um þrjú bestu árin af síðustu sex. Hefði verið eðlilegt að gerð væri með skýrum hætti grein fyrir því. Tekið er fram að með því að hafa tíu ár af ellefu sé „í nokkru jöfnuð aðstaða þegar veiðisókn hefur af einhverjum ástæðum reynst torveld“. Vekur þessi skýring upp spurningar fremur en að svara þeim. Spurningar sem sitja eftir og er ósvarað eru m.a.: Af hverju er þessi jöfnun ekki í samræmi við það sem almennt er talið við hæfi samkvæmt lögum um úthafsveiðar? Er minni þörf fyrir jöfnun að þessu leyti vegna makrílveiða en annarra veiða samkvæmt lögum um úthafsveiðar? Eru það hagsmunir uppsjávarveiðiskipa sem ráða för?

**Umbun til þeirra sem hófu veiðar á makríl allt að 20-30% í stað allt að 5%**

Eins og áður segir má ráða af skýringunum með frumvarpinu að ástæður þess að árin 2008-2010 séu höfð með við útreikning á veiðireynslu helgist af vilja til að umbuna sérstaklega uppsjávarveiðiskipum.

Í úthafsveiðilögum er viðurkennt að umbuna megi frumkvöðlum við veiðar með því að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem

hófu veiðar úr viðkomandi stofni, sjá 9. mgr. 5. gr. úthafslaganna. Sama regla gildir vegna úthlutunar aflaheimilda skv. 6. gr. laganna.

Hefur því löggjafinn þegar ákveðið að hæfileg eða sanngjörn umbun til frumkvöðla séu allt að 5% af heildaraflamarki.

Það vekur því sérstaka athygli að í frumvarpinu gert ráð fyrir að uppsjávarveiðiskipin sem hófu veiðar 2008 og voru nær ein við veiðar til og með 2010, er ætlað að fá 20 - 30% umfram alla aðra með því að veiði á þeim tíma teljist að fullu með.

***Samanburður við lög um úthlutun á norsku íslensku síldinni – rök fyrir því að miða við 8 ár í það sinn.***

Í frumvarpinu er vísað til þess að stuðst sé við lög nr. 50/2002 um úthlutun á aflaheimildum í norsk íslenskri síld. Með þeim lögum var miðað við 8 ár, sem var óvenjulegt, og var það nánar skýrt þannig í frumvarpi til þeirra laga:

*„Ástæða þess að lagt er til að miðað verði við veiðar frá upphafi við úthlutun aflahlutdeildar er sú að hluta tímabilsins hefur stjórn veiðanna verið með þeim hætti að skipum hefur verið úthlutað ákveðnu aflahámarki sem hefur verið framseljanlegt, að minnsta kosti að hluta. Framsal aflaheimilda hefur því haft mikil áhrif á aflareynslu skipanna og þar af leiðandi aflahlutdeild þeirra. Með því að miða við veiðar öll árin í stað þriggja þeirra bestu er í raun komið í veg fyrir að sama skipið geti notið fullrar aflareynslu en hafi jafnframt haft áhrif á aflareynslu annarra skipa með framsali.“*

Með hinni sérstöku reglu í lögum um norsk íslensku síldina var þannig verið að bregðast við sérstökum aðstæðum sem tengdust heimild til framsals og voru viðmiðunarárin samkvæmt þeim lögum átta. Sambærilega aðstæður urðu ekki til í makríl fyrr en eftir 2015 og því getur fyrrgreint fordæmi úr þeim lögum ekki stutt þá niðurstöðu að leggja til grundvallar ellefu ár og láta tíu ár telja til aflaheimildar, m.a. fyrstu árin við veiðar á makríl, árin 2008 til 2010 þar sem aðeins einn flokkur skipa stundaði þær.

### ***Tillaga umsagnaraðila***

Með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið í umsögn þessari gera umsagnaraðilar það að tillögu sinni að atvinnuveganefnd Alþingis breyti fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum þannig að ríkara tillit verði tekið til annarra útgerða, sem hafa fjárfest og stundað veiðar á makríl síðustu árin í góðri trú um að stjórn veiðanna nyti pólitísku stuðnings og hagsmunum þeirra yrði ekki kastað fyrir róða er kæmi að úthlutun aflamarks.

Núverandi tillaga gengur allt of langt í þá átt að afhenda uppsjávarskipum „aukningu“ í aflahlutdeild, sem friðþægingu vegna þess að Hæstiréttur dæmði fyrirkomulag við stjórn veiðanna síðustu árin ólöglegt. Það sjónarmið er þó hvorki rökrétt né málfrægt, eins og rakið hefur verið.

Leyfa umsagnaraðilar sér að vísa til eftirfarandi raka á bls. 29 í skýrslu starfshóps sjávarútvegsráðherra, sem varða hagsmuni þeirra sem hófu veiðar 2011 og síðar, og telja umsagnaraðilar nauðsynlegt að gefa þeim aukið vægi við afgreiðslu málsins úr atvinnuveganefnd:

*„Rökin fyrir slíkri lagasetningu væru þau að með því væri tekið tillit til hagsmuna fleiri aðila og löggjafinn tæki þá nokkra ábyrgð á því fyrirkomulagi sem þrífist hefur um sjö ára skeið án þess að gripið hafi verið inn í. Komið væri í veg fyrir að þeir sem hafa stundað veiðar á því tímabili myndu án fyrirvara glata fjárfestingu og rekstrartekjum. Að auki væri litið til þeirra sjónarmiða sem höfðað var til við setningu reglugerða um stjórn makrílveiða 2010 og 2011.“*


Framangreind rök voru sett fram fyrir því að lögfesta núverandi skiptingu á aflaheimildum.

Umsagnaraðilar hafa kosið að ganga ekki svo lagt í sinni tillögugerð heldur gera það að tillögu sinni að ákvæði laganna verði breytt þannig að í stað þess að miða við 10 bestu árin af 11 þá verði miðað við 6 bestu árin af 11. Með því er einnig farið nær þeim sjónarmiðum sem lögum um úthafsveiðar byggja á og er mismunun á milli aðila sem hafa lagt í miklar fjárfestingar til að stunda veiðarnar á makríl minnkaður.

Telja umsagnaraðila að um sé að ræða tillögur sem minnki röskun þeirra sem þegar hafa hagsmuni af veiðum á makríl og sé hún því líklegri til að skapa sátt um úthlutunina en núverandi tillaga.

Felur tillagan í sér mildun á frumvarpinu eins og það er sett fram án þess að því sé kollvarpað.

Fyrir hönd umsagnaraðila



Jóhannes Bjarni Björnsson  
hæstaréttarlögmaður